



SKÍÐAMIÐSTÖÐIN Í ODDSSKARÐI Í FJARÐABYGGÐ

Greinargerð og umhverfisskýrsla

02.12.2022



SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagstillagan var kynnt dags. _____

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ til _____

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt af bæjarstjórn

Fjarðabyggðar þann _____

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar

Deiliskipulagstillagan öðlast gildi með auglýsingu í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	6
1.1	Almennt	6
1.2	Kortagrunnar	6
1.3	Skipulagsgögn	6
2	FYRIRLIGGJANDI ÁÆTLANIR	7
2.1	Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020-2040	7
2.2	Deiliskipulag	7
2.3	Snjóflóðahættumat	7
2.4	Eignarhald	8
3	FORSENDUR – NÚVERANDI AÐSTÆÐUR	9
3.1	Staðhættir	9
3.2	Landslag og náttúrufar	9
3.3	Núverandi byggingar	9
3.4	Núverandi skíðalyftur	10
3.5	Veður	10
3.6	Minjar	11
3.6.1	Fornminjar	11
3.6.2	Náttúruminjar	11
3.7	Náttúruvá	11
4	DEILISKIPULAG	11
4.1	Markmið	11
4.2	Skilmálar skipulags	11
4.2.1	Lóðir	11
4.2.2	Byggingaskilmálar	12
4.2.3	Troðnar skíðaleiðir	12
4.2.4	Gönguskíðabraut	12
4.2.5	Vegir og bílastæði	13
4.2.6	Slóðar / þjónustuvegir	13
4.2.7	Veitur	13
4.2.8	Hönnun og uppdrættir	13
4.2.9	Efnistaka	14
4.2.10	Sorpgeymslur	14
5	UMHVERFISSKÝRSLA	14
5.1	Mat á umhverfisáhrifum	14
5.2	Matsspurningar og viðmið	14
5.3	Samanburður valkosta	15
5.4	Samantekt og niðurstaða	17

5.4.1	Gróðurfar og dýralíf	17
5.4.2	Landslags og ásjúnd	17
5.4.3	Samfélag	17
5.4.4	Náttúruvá og öryggi	17
5.4.5	Minjar	18
5.4.6	Samantekt	18
6	KYNNING OG SAMRÁÐ	18

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Hættumatskort unnin af Veðurstofu Íslands fyrir skíðasvæðið í Oddsskarði.	8
Mynd 2. Valkostir á færslu byrjendalyftu.	16

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Skilgreining á vægi áhrifa.	14
Tafla 2. Umhverfisþættir og helstu matsspurningar ásamt viðmiðum.	14
Tafla 3. Samanburður valkosta og umhverfisáhrif.	16

HÖFUNDUR	RÝNI	VERKNR.
Kamma Dögg Gísladóttir	Ásgeir Jónsson	1860-055

1 INNGANGUR

1.1 Almenn

Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða deiliskipulag fyrir skíðasvæði í Oddsskarði í sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Deiliskipulagið nær yfir svæði sem skilgreint er sem íþróttasvæði í núgildandi aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040. Þar er gert ráð fyrir skíðasvæði og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins til skíðaiðkunar og þjónustu við skíðafólk kallar á.

Svæðið hefur lengi verið í notkun til skíðaiðkunar og var fyrsta lyftan tekin í notkun árið 1980. Síðan þá hefur skíðasvæðið smátt og smátt tekið á sig stærri mynd. Topp-lyftan kom árið 1990 og síðast árið 1999 kom núverandi byrjendalyfta. Árið 2010 var gert snjóflóðahættumat fyrir skíðasvæðið og kom þá í ljós að gera þarf breytingar innan svæðisins. Nú hefur Oddsskarðsvegur verið aflagður um skíðasvæðið og hafa því fjölmargir möguleikar opnast fyrir svæðið, m.a. er hægt að gera ráð fyrir færslu á byrjendalyftu óháð legu vegarins og hún verði utan hættusvæðis.

Gerð er grein fyrir helstu umhverfisáhrifum áætlunarinnar í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Deiliskipulagið fellur undir fyrrnefnd lög nánar tiltekið. undir lið 12.01 Skíðabrekkur, skíðalyftur, kláfar og tengdar framkvæmdir sem ná yfir 15 ha svæði, eða þar sem mannvirki eru 15 m eða hærri eða framkvæmdir eru á jökli, í B flokk. Framkvæmdaraðili mun tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar.

1.2 Kortagrunnar

Skipulagsuppdráttur er teiknaður eftir lofmyndum frá Loftmyndum ehf. Hnitakerfi er í ISN93 ásamt IS50 gögnum.

1.3 Skipulagsgögn

- i. Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.500
- ii. Skýringaruppdráttur í mkv. 1: 1.000
- iii. Aðalskipulagsuppdráttur sem er hluti af núgildandi Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040.
- iv. Greinargerð og umhverfisskýrsla.

2 FYRIRLIGGJANDI ÁÆTLANIR

2.1 Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020-2040

Deiliskipulagið er unnið á grundvelli gildandi aðalskipulags Fjarðabyggðar 2020-2040 sem samþykkt var 28. apríl 2022. Þar er svæðið skilgreint sem íþróttasvæði (ÍP20), 86,5 ha svæði fyrir skíðamiðstöð Austurlands. Þar kemur einnig fram að skíðamiðstöðin er eina skíðasvæðið í Fjarðabyggð. Svæðið er viðurkennt keppnissvæði og þar er hægt að halda alþjóðleg skíðamót.

Eftirfarandi skipulagsákvæði gildir fyrir svæðið:

„Á svæðinu er gert ráð fyrir skíðasvæði og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins til skíðaiðkunar og þjónustu við skíðafólk kallar á.“

2.2 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið eða aðliggjandi svæðum.

2.3 Snjóflóðahættumat

Skv. reglugerð nr. 636/2009 um hættumat vegna snjóflóða á skíðasvæðum kemur fram að Veðurstofa Íslands skuli annast gerð hættumats á skíðasvæðum samkvæmt beiðni hlutaðeigandi sveitarfélags. Í reglugerðinni segir að á skipulögðum skíðasvæðum eigi að gera hættumat og það skuli ná til bygginga þar sem gera má ráð fyrir að fólk geti dvalið um lengri eða skemmri tíma svo og safnsvæða og barna- og byrjendasvæða. Jafnframt skal leggja mat á möguleg upptakasvæði snjóflóða sem ógnað geta skipulögðum skíðasvæðum.

Í 12. gr reglugerðarinnar gildir eftirfarandi fram um nýtingu hættusvæða á skíðasvæðum:

Á hættusvæði C er óheimilt að hafa:


1. Byggingar þar sem gera má ráð fyrir viðveru fólks að næturlagi.
2. Upphafsstöð skíðalyftu
3. Safnsvæði
4. Barna- og byrjendasvæði

Á hættusvæði B er óheimilt að hafa:

1. Skíðaskála með næturgistingu.
2. Upphafsstöð skíðalyftu á barna og byrjendasvæði.
3. Raðasvæði á barna- og byrjendasvæði.

Veðurstofa Íslands gerði úttekt á snjóflóðahættumati fyrir skíðasvæðið í Oddsskarði árið 2010. Niðurstöðurnar voru birtar í skýrslunni „Snjóflóðahættumat fyrir skíðamiðstöð Austurlands í Oddsskarði – Greinargerð með hættumatskort“ eftir Hörpu Grímsdóttur og Jón Kristinn Helgason. Niðurstaða hættumatsins leiddi í ljós að efri hluti núverandi byrjendalyftu er á hættusvæði C og stenst því ekki viðmið reglugerðar nr. 636/2009 um skíðasvæðahættumat. Skíðaskálinn er á hættusvæði B en

á slíkum svæðum er heimilt að hafa skíðaskála án næturgistingar. Neðri-lyfta og Topp-lyfta eru fremur vel staðsettar með tilliti til snjóflóðahættu og er upphafstöð þeirra beggja ásamt tilheyrandi raðasvæðum utan hættusvæði C. Undir Magnúsartindi eru snjóflóð tíð niður á troðna skíðaleið. Einnig má búast við flóðum á skíðaleiðir undir Sellátratindi og Goðatindi við óvenjulegar aðstæður.



Mynd 1. Hættumatskort unnin af Veðurstofu Íslands fyrir skíðasvæðið í Oddsskarði.

Lagðar voru fram ábendingar varðandi daglegt eftirlit á skíðasvæðinu. Þar kom fram að mesta hættan er fólgin í mögulegu snjóflóði yfir byrjendalyftu á opnunartíma og mælt er með því að gerðar verði úrbætur þar sem fyrst. Í Magnúsartindi er að finna upptakasvæði sem einna oftast skapar hættu á troðinni leið. Mælt er með því að rekstraraðili svæðisins hafi gott eftirlit með því svæði og ætti að taka ákvörðun um það á hverjum morgni hvort snjóflóðahætta sé nægilega lítil til að leiðin sé opnuð þann daginn.

2.4 Eignarhald

Skipulagið tekur til um 90 ha. lands í einkaeigu, er í landi Högnastaða (landnr. 155960) og Sellátra (landnr. 155969). Leigusamningur, dags. 20. nóv. 2017, er í gildi við landeigendur þar sem gert er ráð fyrir skíðasvæðinu og er þar deiliskipulagsgerð heimiluð.

Einnig er í gildi lóðarleigusamningur milli Fjarðabyggðar og eigenda Högnastaða. Samningurinn tekur til 5.920 m² land undir skíðaskála og þjónustuhús. Leigutími núverandi samnings er til 50 ára frá undirritun en samningurinn var undirritaður 1. apríl 2011. Gera þarf breytingu á núverandi lóðarleigusamning undir skíðaskála og áhaldahús/vélageymslu í samræmi við deiliskipulag þetta.

3 FORSENDUR – NÚVERANDI AÐSTÆÐUR

3.1 Staðhættir

Skipulagssvæðið er um 90 ha að stærð í Sellátradal og er fjölsótt skíðasvæði á Austurlandi. Eina aðkoma að skíðasvæðinu er frá Eskifirði og um Oddsskarðsveg (nr. 9549). Fjarlægð frá gatnamótun Strandgötu á Eskifirði og Oddsskarðsvegi (nr. 9549) og að skíðasvæðinu er um 7 km. Skíðasvæðið er staðsett þar sem þjóðvegurinn lá frá Eskifirði til Neskaupstaðar inn í Oddsskarðsgöng, allt til árið 2017. Nú í dag er búið að taka Norðfjarðargöng í gagnið og eru Oddsskarðsgöng lokuð fyrir umferð. Eina umferðin um svæðið er því vegna skíðasvæðisins. Núverandi bílastæði eru á malarplani framan við núverandi áhaldageymslu svæðisins, vestan megin við skíðaskálann og þau anna ekki þeirri miklu aðsókn sem getur þarna verið.

Tvö ípróttafélög eru með aðstöðu sína á svæðinu en það eru Skíðafélag Fjarðabyggðar og Brettafélag Fjarðabyggðar.

3.2 Landslag og náttúrufar

Svæðið rammast inn með fremur bröttum, óstöðugum og misgrýttum hlíðum. Svartafjall, Magnúsartindur, Goðatindur og Sellátratindur umliggja svæðið og er landsvæðið innan skíðasvæðisins á milli 510 – 840 m.y.s. Heildargróðurþekja þar er mjög lítil og gróður jafnaði lágvaxinn og gróskulítill. Svæðið er talsvert grýtt og ber þess einkenni að vera á úrkomusömu og röku svæði til fjalla. Þar sem svæðið er fremur hallalítið og lækjarsprænur renna einkennist svæðið af samfelldum mosabreiðum og mynda oft áberandi gulgræna gróðurfláka. Einnig ber svæðið þess merki að vera raskað í þágu þeirrar starfsemi sem þar er stunduð.

Skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnun Íslands er lyngmóavist(L10.8), mosamelavist(L1.3), urðarskriðuvist(L3.1), mosamóavist(10.1) og hraungambravist(L5.3) algengustu vistgerðirnar á svæðinu.

3.3 Núverandi byggingar

Á skíðasvæðinu eru eftirfarandi byggingar:

- *Skíðaskáli:* Húsið er staðsett austan við núverandi bílastæði skíðasvæðisins og stendur í um 585 hæð yfir sjávarmáli. Skíðaskálinn var byggður árið 1986 eftir teikningu Magnúsar Gunnarssonar. Byggingin er á tveimur hæðum auk viðbyggingar á einni hæð. Húsið þjónar sem þjónustumiðstöð skíðasvæðisins og er þar m.a. salernisaðstaða, veitingasala, kortasala,

skíðaleiga og starfsmannaaðstaða. Húsið er á snjóflóðahættusvæði B og þar er ekki heimiluð næturgisting. Skráð stærð skíðaskála er 108 m².

- *Markhús:* Húsið er staðsett sunnan megin við Neðri-lyftu og hefur að geyma aðstöðu fyrir tímatöku.
- *Lítið hús við byrjendalyftu:* Húsið er staðsett norðaustan við efri hluta núverandi byrjendalyftu og hefur að geyma stjórnbúnað fyrir byrjendalyftu. Húsið er staðsett á snjóflóðahættusvæði C. Gert er ráð fyrir að flytja húsið þar sem ný byrjendalyfta verður færð.
- *Lítið hús við Neðri-lyftu:* Húsið er staðsett norðan við neðri hluta Neðri-lyftu og hefur að geyma stjórnbúnað fyrir Neðri-lyftu ásamt því að hafa aðstöðu fyrir lyftuverði. Húsið er staðsett á snjóflóðahættusvæði B.
- *Lítið hús við Toppolyftu:* Húsið er staðsett sunnan megin við efri enda Neðri-lyftu og hefur að geyma stjórnbúnað fyrir topplyftu ásamt því að hafa aðstöðu fyrir lyftuverði. Húsið er ekki staðsett á snjóflóðahættusvæði.
- *Áhaldahús:* Húsið er staðsett vestan við skíðaskálann, við núverandi bílaplan skíðasvæðisins. Húsið er byggt 2013 úr aðfluttum gámaeiningum á einni hæð og þjónar sem áhaldahús fyrir rekstraraðila skíðasvæðisins. Húsið er staðsett á snjóflóðahættusvæði B og gert er ráð fyrir að það sé víkjandi. Skráð stærð áhaldahúss er 111 m².

3.4 Núverandi skíðalyftur

Í Oddsskarði eru þrjár skíðalyftur, tvær þeirra (Neðri-lyfta og Topp-lyfta) eru sunnan megin við veginn og ein norðan megin (Byrjendalyfta). Við hverja lyftu eru lítil hús sem hýsa stjórnbúnað þeirra:

- Byrjendalyfta: er um 250 m löng diskalyfta norðan skíðaskála sem tekin var í notkun árið 1999. Lyftan er staðsett á snjóflóðahættusvæði B og C samkvæmt úttekt sem gerð var árið 2010 af Veðurstofu Íslands. Gert er ráð fyrir flutningi lyftunnar.
- Neðri-lyfta: er um 657 m löng diskalyfta sem liggur frá vestri til austurs í um 513 m h.y.s. upp í 705 m h.y.s. Lyftan var tekin í notkun árið 1980. Lyftan er ekki staðsett á snjóflóðahættusvæði.
- Topp-lyfta: er um 460 m löng diskalyfta sem liggur einnig frá vestri til austur í 704 m h.y.s. upp í 840 m h.y.s. Lyftan var tekið í notkun árið 1990. Lyftan er ekki staðsett á snjóflóðahættusvæði.

Afkastageta lyftanna er samanlagt um 1.800 manns á klst og er skíðasvæðið viðkurkennt af FÍS, alþjóðaskíða sambandinu og er þar leyfilegt að halda alþjóðleg skíðamót. Neðri-lyfta og Topp-lyfta liggja hvor upp að annarri upp á öxl Goðatinds og er samanlögð lengd þeirra um 1.260 m. Samfelldur hæðarmunur á skíðabrekkanum er 330 m og eru helstu skíðaleiðir svæðisins upplýstar.

Lögð er gönguskiðabraut, yfirleitt í hring vestast á svæðinu en engin lýsing er á því svæði.

3.5 Veður

Á veturna eru suðlægar og suðvestlægar áttir algengastar en þar á eftir koma norð- og austlægar áttir. Norðanátt og NNA-átt er algengust þegar frost er og vindur um 15 m/s til fjalla, einnig er VSV-átt algeng en suðaustlægar og norðvestlægar áttir eru afar sjaldgæfar.

3.6 Minjar

3.6.1 Fornminjar

Minjavörður Austurlands tók út skipulagssvæðið árið 2018 og ekki var talin ástæða til að kalla til frekari skráningar.

Skv. lögum um menningarminjar 80/2012 segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákvað svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum Óheimild er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

3.6.2 Náttúruminjar

Engar friðlýstar eða verndaðar náttúruminjar eru á skipulagssvæðinu.

3.7 Náttúruvá

Snjóflóðahættumat hefur verið unnið fyrir skíðasvæðið af Veðurstofu Íslands, sjá kafla 2.3. Matið leiddi meðal annars í ljós að breytinga er þörf á staðsetningu núverandi byrjendalyftu.

4 DEILISKIPULAG

4.1 Markmið

Skipulagssvæðið er um 90 ha í landi Högnastaða og Sellátra. Megin markmið með deiliskipulaginu er að setja ramma utan um núverandi starfsemi á svæðinu, efla íþróttastarf í sveitarfélaginu og tryggja fjölbreytni og möguleika til skipulegra bretta- og skíðaæfinga. Enn fremur að efla svæðið, fyrir þann fjölda iðkenda sem stundar þessa íþrótt og gera svæðið í stakk búið til að mæta frekari uppbyggingu. Markmið er að hægt sé að stunda íþróttina á öruggu svæði þar sem tekið er tillit til snjóflóðahættu.

4.2 Skilmálar skipulags

4.2.1 Lóðir

Lóðamörk eru sýnd á skipulagsuppdraetti og á skýringaruppdraetti. Skilgreind er lóð fyrir þjónustumiðstöð skíðasvæðisins og fyrir áhalda- og vélageymslu.

Lóðin er samkvæmt deiliskipulagi um 6.930 m². Ekki er skilgreint nýtingarhlutfall fyrir lóðina.

Lóðarhafa er frjálst að lýsa upp lóðir og mannvirki. Lóðarhafi skal ganga vel um svæðið, óheimilt er að geyma tæki eða annað sem ekki tengist beint starfseminni á svæðinu. Lóðarhafa er skylt að ganga frá byggingum að utan og lóð skv. skilmálum eigi síðar en þremur árum eftir að byggingarleyfi er veitt.

4.2.2 Byggingaskilmálar

Á skipulagsupphætti eru sýndir byggingarreitir og skulu byggingar og lyftur vera innan þeirra.

B1 – Á byggingarreit B1 er núverandi skíðaskáli. Heimilt verður að stækka núverandi skíðaskála um allt að 250 m² með allt að 2 hæðum. Þannig að heildarbyggingarmagn getur verið allt að 360 m². Samræma skal útlit, þakform, lita- og efnisval.

B2 – Á byggingarreit B2 verður heimilt að reisa allt að tveggja hæða áhalda- og vélageymslu og þjónustuhús. Heildarbyggingarmagn getur verið allt að 1.500 m². Staðsetning byggingar er frjáls innan byggingarreits.

Byggingarreitir fyrir skíðalyftur:

Neðri-lyfta – Á byggingarreit Neðri-lyftu verður heimilt að endurnýja núverandi diskalyftu innan byggingarreits.

Topp-lyfta – Á byggingarreit Topp-lyftu verður heimilt að endurnýja núverandi diskalyftu innan byggingarreits.

Byrjendalyfta – gert er ráð fyrir að innan byggingarreits verði heimilt að reisa nýja diskalyftu ásamt því að reisa lítið hús fyrir stjórnubúnað lyftunnar að hámarki 20 m². Gert er ráð fyrir að lyftan verði allt að 360 m að lengd og getur legið frá um 540 m.y.s. til 610 m.y.s.

4.2.3 Troðnar skíðaleiðir

Skilgreindar eru sérstakar troðnar leiðir sem ætlaðar eru fyrir skíða- og brettaiðkendur. Leyfilegt er að jafna og móta skilgreindar leiðir eftir því sem þörf er á.

Innan svæðisins eru helstu skíðaleiðir upplýstar og er heimilt að auka lýsingu frekar ef þörf er á. Halda skal þó raski í lágmarki við allar framkvæmdir. Röskuð svæði skulu vera grædd upp með staðbundnum gróðri eftir því sem kostur er.

Heimilt er að koma fyrir yfirbyggðu „töfrateppi“ (færiband) í nálægð við byrjendalyftu og skála en þó utan hættusvæðis B og C.

4.2.4 Gönguskiðabraut

Vestast á skipulagssvæðinu er sérstaklega skilgreind gönguskiðabraut. Leyfilegt er að jafna og móta skilgreinda gönguskiðaleið eftir því sem þörf er á. Hámarks breidd raskaðs svæðis gönguskiðabrautar er 8 m. Röskuð svæði skulu vera grædd upp með staðbundnum gróðri. Einnig er heimilt að setja niður lýsingu fyrir aðalgönguskiðaleiðina. Halda skal þó raski í lágmarki við allar framkvæmdir.

4.2.5 Vegir og bílastæði

Aðkoma akandi umferðar að skíðasvæðinu er um Oddsskarðsveg (nr. 9549) frá Eskifirði. Núverandi vegur að fyrrum Oddsskarðsgöngum verður tekin, efni nýtt á framkvæmdasvæðinu m.a. í grunna, bílastæði og mótað nýtt byrjendasvæði. M.a. verður grætt upp útjafnað vegstæði en áfram mun verða vegur/slóði upp að Oddsskarðsgöngum.

Við skíðasvæðið er gert ráð fyrir allt að 150 almennum bílastæðum, þar af tvö stæði fyrir hreyfihamlaða og að auki tveimur langstæðum sem nota má til lestunar og losunar. Notað verður efni úr núverandi Oddsskarðsvegi sem nær frá bílastæðum og að Oddsskarðsgöngum í að byggja upp bílastæðin á svæðinu. Bílastæðin má byggja upp með áfangaskiptingu.

4.2.6 Slóðar / þjónustuvegir

Deiliskipulagsuppdráttur sýnir þjónustuvegi sem eru slóðar til að komast að lyftum og öðrum búnaði á svæðinu þegar svæðið er snjólaust. Um svæðið liggja nú þegar þessir þjónustuvegir en nýr þjónustuvegur er skilgreindur að Oddsskarðsgöngum þegar núverandi vegur verður fjarlægður. Vegagerðin vann tillögu að nýrri staðsetningu þjónustuvegar að Oddsskarðsgöngum.

Ekki skal raska meira svæði en sem nemur núverandi breidd slóða og við nýja lagningu slóða skal jarðraski haldið í lágmarki. Almenn umferð akandi faratækja er bönnuð á þjónustuvegum en heimilt verður að nýta þá sem göngu- og hjólaleið.

4.2.7 Veitur

RARIK ohf sér svæðinu fyrir rafmagni í gegnum jarðstreng og er rafmagnskynding notuð til að hita upp vatn til notkunar í skálum og skemmum á svæðinu. Allar nýjar lagnir verða lagðar í jörð.

Vatnveita við skíðasvæðið þjónar eingöngu skíðaskálanum og flokkast hún sem lítil vatnsveita vegna matvælavinnslu. Vatnstaka er úr lindarbrunni í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um neysluvatn.

Rotþró er við skíðaskála og er fráveita í samræmi við lög og reglugerðir heilbrigðiseftirlits sem gilda um fráveitur og skólp. Tryggja skal að hreinsivirki anni starfseminni og verði í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits.

4.2.8 Hönnun og uppdrættir

Deiliskipulagsuppdráttur sýnir byggingarreiti fyrir byggingar sem gert er ráð fyrir að byggja í tengslum við uppbyggingu á svæðinu og einnig fyrir lyftumannvirki. Allir meginhlutar húsa og mannvirkja skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði lóðarinnar. Þar sem byggingarreitur er samtengdur núverandi húsi skal samræma útlit, þakform, lita- og efnisval.

Húsagerðir eru frjálstar að öðru leyti en því sem mæli- og lóðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

4.2.9 Efnistaka

Gert er ráð fyrir að það efni sem þarf vegna endurbóta á bílastæðum og byggingar áhalda- og vélageymslu verði tekið úr núverandi vegi sem liggur frá bílastæði og að gangnamunna Oddsskarðsgangna. Haft hefur verið samráð við Vegagerðina vegna þess. Ekki er ljóst hversu mikið magn þarf en það ræðst að mestu leyti af þeim jarðvegi sem er á svæðinu. Þar sem efnistaka mun fara fram úr vegfyllingu verður landið mótað fyrir troðnar skíðaleiðir og grædd upp með staðbundnum gróðri.

4.2.10 Sorpgeymslur

Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012. Staðsetning og frágangur skal þannig vera að aðgengi að þeim sé gott og þær séu lítt áberandi. Sorphirða verður í samræmi við reglur sveitarfélags hverju sinni.

5 UMHVERFISSKÝRSLA

5.1 Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfismat deiliskipulagsins er unnið samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsáætlun þessi markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreind er í viðauka 1 í B flokk n.t.t. í lið „12.01 Skíðabrekkur, skíðalyftur, kláfar og tengdar framkvæmdir sem ná yfir 15 ha svæði, eða þar sem mannvirki eru 15 m eða hærri eða framkvæmdir á jökli“.

Við mat á umhverfisáhrifum verður notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem koma fram í töflu nr. 1.

Tafla 1. Skilgreining á vægi áhrifa.

Jákvæð áhrif		Neikvæð áhrif		Óveruleg áhrif		Óviss áhrif	
--------------	---	---------------	---	----------------	---	-------------	---

5.2 Matsspurningar og viðmið

Stefna deiliskipulagsins og líkleg áhrif hennar verða metin út frá þáttum í eftirfarandi töflu:


Tafla 2. Umhverfisþættir og helstu matsspurningar ásamt viðmiðum.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Gróðurfar og dýralíf	Hefur skipulagið áhrif á búsvæði dýra/gróðurs? Hefur skipulagið áhrif á viðkvæma náttúru?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

	Hefur skipulagið áhrif á plöntur á válista? Hefur skipulagið áhrif á vistgerðir sem njóta sérstakar verndar? Hefur skipulagið áhrif á friðslýstar tegundir? Hefur skipulagið áhrif á lífríki í ám og vötnum?	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands.
Landslag og ásýnd; sjónræn áhrif, yfirbragð svæðis.	Hefur skipulagið áhrif á náttúrulegt landslag? Hefur skipulagið áhrif á ásýnd? Hefur skipulagið áhrif á víðerni?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026. Náttúruverndarlög nr. 60/2013 – 69. gr.
Samfélag; lífsgæði, atvinna, landnotkun, ferðamenn,	Stuðlar skipulagið að bættum lífsgæðum íbúa? Hefur skipulagið áhrif á ferðamennsku á svæðinu?	Gildandi aðalskipulag.
Náttúruvá og öryggi	Er hætt á mengun af völdum skipulagsins? Hefur skipulagið áhrif á öryggi? Er hætt á snjóflóðum?	Gildandi aðalskipulag. Úttekt Veðurstofu Íslands á snjóflóðahættu í Oddsskarði.
Minjar	Hefur skipulagið áhrif á fornminjar? Hefur skipulagið áhrif á náttúruminjar?	Skráning minja skv. gildandi aðalskipulagi. Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Náttúruminjaskrá.

5.3 Samanburður valkosta

Við vinnslu þessa deiliskipulags voru tveir valkostir á færslu byrjendalyftu skoðaðir, sjá má útfærslu valkosta á Mynd 2. Valkostir á færslu byrjendalyftu. Báðir valkostir gera ráð fyrir að byrjendalyfta verði utan hættusvæðis og núverandi vegfylling frá bílstæði skíðasvæðisins að Oddsskarðsgöngum er tekin og svæðið mótað með henni.



Mynd 2. Valkostir á færslu byrjendalyftu.

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Valkostur I – Núll kostur. Ekkert verður gert á svæðinu og svæðið leyft að halda sér óbreytt til framtíðar, byrjendalyfta er innan hættusvæðis.
- Valkostur II – Staðsetning byrjendalyftu liggur norður - suður, utan hættusvæðis.
- Valkostur III – Valinn kostur. Staðsetning á byrjendalyftu liggur austur – suður og er einnig samsíða öðrum lyftum innan svæðisins, utan hættusvæðis.

Tafla 3. Samanburður valkosta og umhverfisáhrif.

VALKOSTUR	GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF	LANDSLAG OG ÁSÝND	SAMFÉLAG	NÁTTÚRUVÁ OG ÖRYGGI	MINJAR
Valkostur I – Núll kostur Núllkostur - Svæðinu er leyft að halda sér óbreytt til framtíðar, byrjendalyfta innan hættusvæðis.	Óveruleg áhrif. Svæðið ber þess merki í dag að vera raskað.	Óveruleg áhrif. Svæðið ber þess merki í dag að vera raskað.	Neikvæð áhrif. Byrjendalyfta er innan hættusvæðis og þ.a.l. getur það haft neikvæð áhrif á t.d. skíðaiðkun í samfélaginu.	Neikvæð áhrif. Byrjendalyfta er innan hættusvæðis og öryggi byrjendasvæðis ekki tryggt.	Engin áhrif. Engar þekktar minjar eru á svæðinu.
Valkostur II Tillaga að staðsetningu byrjendalyftu norður - suður, utan hættusvæðis.	Neikvæð/Óveruleg áhrif. Tillaga að byrjendalyftu er að hluta innan vegstæðis en móta þarf stórt svæði utan lyftu vegna mikils landhalla. Landmótun kemur alltaf til með að raska gróðri á svæðinu en svæðið í dag ber þess merki að vera raskað.	Óveruleg áhrif. Tillaga að byrjendalyftu er að mestu innan vegstæðis en móta þarf stórt svæði utan lyftu vegna mikils landhalla. Gömul vegfylling verður fjarlægð aðlöguð að umhverfi í kring.	Neikvæð áhrif. Aðstaða á byrjendasvæði þykir ekki fullnægjandi fyrir byrjendur og þ.a.l. getur það haft neikvæð áhrif á t.d. skíðaiðkun í samfélaginu.	Óveruleg áhrif. Byrjendalyfta utan hættusvæðis, endapunktur byrjendasvæðis þykir of nálægt bröttum brekkum og öryggi byrjenda við enda svæðisins ekki tryggt.	Engin áhrif. Engar þekktar minjar eru á svæðinu.
Valkostur III – Valinn kostur. Tillaga að staðsetningu byrjendalyftu vestur - austur, utan hættusvæðis	Neikvæð/Óveruleg áhrif. Tillaga að byrjendalyftu er að hluta innan vegstæðis en móta þarf stórt svæði utan lyftu vegna mikils landhalla. Landmótun kemur alltaf	Óveruleg áhrif. Tillaga að byrjendalyftu er að mestu innan vegstæðis en móta þarf stórt svæði utan lyftu vegna mikils	Jákvæð áhrif. Gera má ráð fyrir að aðdráttarafli svæðisins eykst. Byrjendalyfta er í nálægð við skálann sem getur skapað skemmtilega	Jákvæð áhrif. Byrjendalyfta utan hættusvæðis.	Engin áhrif. Engar þekktar minjar eru á svæðinu.

VALKOSTUR	GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF	LANDSLAG OG ÁSÝND	SAMFÉLAG	NÁTTÚRUVÁ OG ÖRYGGI	MINJAR
	til með að raska gróðri á svæðinu en svæðið í dag ber þess merki að vera raskað.	landhalla. Gömul vegfylling verður fjarlægð aðlöguð að umhverfi í kring.	stemmingu sem einskonar miðja svæðisins. Bætt aðstaða á byrjendasvæði getur haft jákvæð áhrif á skíðaiðkun í samfélaginu.		

5.4 Samantekt og niðurstaða

5.4.1 Gróðurfar og dýralíf

Leyfilegt er að móta og jafna skilgreindar troðnar leiðir eftir því sem þörf er á samkvæmt deiliskipulagi. Gera má ráð fyrir að við slíkar framkvæmdir verði gróður- og jarðvegsröskun á svæðinu, þrátt fyrir að svæðið er fremur gróðurnautt. Einnig mun verða nokkuð gróður- og jarðvegsrask vegna uppbyggingar bílastæða en samkvæmt skilmálum deiliskipulags skulu röskuð svæði grædd upp með staðbundnum gróðri. Samt sem áður eru áhrif á gróðurfar á svæðinu vegna uppbyggingar talin vera óviss þar sem umfang rasksins er óráðinn.

5.4.2 Landslags og ásýnd

Sú uppbygging sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir mun líklega ekki hafa veruleg áhrif umfram það sem er í dag, þar sem uppbygging síðustu árar hefur spilt náttúrulegu landslagi að einhverju leyti, meðal annars með mótun skíðaleiða. Þó verður að teljast nokkuð jákvæð áhrif á ásýnd og landslag svæðisins að fjarlægja veglínu frá bílastæðum og að Oddsskarðsgöngum og móta það svæði að landslagi svæðisins. Áhrifin eru þó talin óveruleg þar sem svæðið er langt frá byggð og ekki á áberandi svæði.

5.4.3 Samfélag

Með uppbyggingu skíðasvæðisins er verið að skapa betri aðstöðu fyrir rekstraraðila og íþróttaiðkun á svæðinu. Gera má ráð fyrir að aðdráttarafl svæðisins mun aukast en verið er að auka fjölbreytni á troðnum leiðum sem höfðar til breiðari hóps iðkenda. Uppbygging svæðisins mun mögulega hafa áhrif á ferðaþjónustu og skapa meiri fjölbreytni í vetrarafþreyingu fyrir ferðamenn á Austurlandi.

5.4.4 Náttúruvá og öryggi

Úttekt Veðurstofu Íslands á snjóflóðahættumati í Oddsskarði leiddi í ljós að efri hluti núverandi byrjendalyftu er á hættusvæði C og stenst því ekki viðmið reglugerðar nr. 636/2009 um skíðasvæðahættumat. Einnig getur skapast hætt á troðinni leið undir Magnúsartindi en þar er mælt

með að rekstraraðili svæðisins hafi gott eftirlit með því svæði og taki ákvörðun á hverjum morgni hvort leiðin verði opnuð þann daginn.

Eitt af meginmarkmiðum við að deiliskipuleggja svæðið er að tryggja öryggi á svæðinu með tilliti til snjóflóðahættu. Færsla á byrjendalyftu af snjóflóðahættusvæði og staðsetning nýrra bílastæða er liður í því að auka öryggi á svæðinu. Einnig mun stækkun bílaplans tryggja betra umferðarflæði inn á svæðið og gera svæðið betur í stakk búið til að taka á móti fjölda fólks. Áhrif deiliskipulagsins á öryggi eru talin jákvæð þar sem verið er að tryggja öryggi gesta og starfsmanna en slíkt er ábótavant á svæðinu í dag.

5.4.5 Minjar

Árið 2018 tók Minjastofnun Íslands út svæðið í tengslum við vinnslutillögu og var þá ekki talin ástæða til að kalla eftir frekari skráningu. Finnist áður óþekktar minjar við framkvæmdir ber að tilkynna það Minjastofnun í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012.

5.4.6 Samantekt

Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli núgildandi Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2020-2040, þar er svæðið skilgreint sem íþróttasvæði og þar er gert ráð fyrir skíðasvæði og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins til skíðaiðkunar og þjónustu við skíðafólk kallar á.

Þegar heildræn áhrif skipulagsins er skoðuð er niðurstaðan sú að deiliskipulagið i heild mun hafa í för með sér óveruleg og jákvæð áhrif. Áhrif á náttúrufar eru talin vera óviss þar sem ekki er vitað umfang mögulegs rask við mótun svæðisins. Jákvæð áhrif verða tvímælalaust á samfélagið þar sem skipulag svæðisins tekur tillit til snjóflóðahættu, höfðar til breiðari hóps iðkenda og bætir aðstöðu.

Framkvæmdir sem munu eiga sér stað eru staðbundnar en óafturkræfar. Áhrif á öryggi á svæðinu eru jákvæð þar sem verið er að skapa með markvissum hætti umgjörð sem tryggir öryggi fólks á svæðinu.

6 KYNNING OG SAMRÁÐ

Ekki var unnin skipulagslýsing Unnin var lýsing á skipulagsverkefninu skv. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem send var Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum. Lýsingin var kynnt og gafst almenningi kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar til og með 31.03.2022. Umsagnir bárust frá: Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Skipulagsstofnun.

Tillagan var kynnt á vinnslustigi og gafst samráðs- og umsagnaraðilum tækifæri á að koma með ábendingar frá 11.04.2018 – 27.04.2018. Umsagnir bárust frá: Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Minjastofnun Íslands, Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni og þáverandi staðarhöldurum.

Eftir atvikum verður óskað umsagna annarra aðila, m.a. nefnda innan stjórnsýslu Fjarðabyggðar. Samráðs- og umsagnaraðilar eru eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands

- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Vegagerðin
- Veðurstofa Íslands
- Landeigendur